

Þingsályktun

um endurreisn Viðeyjarstofu.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um endurreisn Viðeyjarstofu og lendingarbætur á eyinni í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur. Áætlunin verði við það miðuð að verkinu verði að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986. Kostnaðaráætlun verksins verði lögð fram í tæka tíð fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986.

Samþykkt á Alþingi 9. maí 1985.